

149. Þingflokksfundur, miðvikudaginn 20. janúar 2016, kl. 13.15

Mætt eru Alla, Birgitta og Helgi Hrafn. Ásta er fjarverandi vegna veikinda.

Fundargerð ritar: Berglind Rósa.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta þingflokksfundar samþykkt.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

3. Fangelsismál

Alla er að reyna finna aðila til að sitja pallborðsumræður á málþingi um betrunarmál. Alla tekur að sér að koma á samtali við grasrót.

4. Fundir með ISNIC og Snerpu

Ákveðið að reyna koma á fundi í byrjun febrúar. Birgitta hefur samband.

5. Beiðnir um fundi

Beiðnir um fundi með þingflokki voru afgreiddar og verkum skipt.

6. TiSA fundur 28/1

Lagt var til að Ásta færi sem fulltrúi þingflokksins á fundinn. Berglind hefur samband við Ástu og bókar hana svo á fundinn.

7. Kynning á skýrslu Bankasýslu ríkisins - Eignarhald og sala á Landsbankanum hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð

Ákveðið að bjóða þeim á fund nk. mánudag kl. 11.30, Berglind sendir tölvupóst.

8. Vinnustofa - öldrunarþjónusta (tilnefning)

Ákveðið að vísa málinu til borgarstjórnar-Pírata. Alla sendir tölvupóst.

9. Undirnefnd Atvinnuveganefndar - ráðstöfun aflamarks

Helgi mun sitja í nefndinni.

10. Málefnafundir um stjórnarskrá

Alla mun byrja undirbúning funda.

11. Sérstakar umræður á morgun - um sölu banka

Rætt var um sérstöku umræðurnar á morgun og verkum skipt.

12. Önnur mál

Ákveðið var að setja húsnæðisfrumvörpin og NATÓ fundinn í Brussel, á dagskrá næsta þingflokksfundar.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið kl. 14.20.